

HLJÓM-2: Hugmyndabanki

Inngangur

Árið 2018 voru haldnar fimm vinnustofur þar sem farið var yfir það hvernig hægt er að nýta niðurstöður úr HLJÓM-2. Farið var í mikilvægi þess að rýna í niðurstöðurnar og hvernig hægt er að nýta þær til að koma til móts við einstaklingsþarfir og þar með auka gæði leikskólastarfs með markvissum aðgerðum. Bæði var um að ræða fræðsluerindi og hópavinnu þar sem þátttakendur unnu hugmynda-banka að því hvernig hægt er að efla hina ýmsu þætti hljóðkerfisvitundar og æfðu sig í að útbúa aðgerðaáætlanir. Niðurstöður þátttakenda eru settar fram nær óbreyttar.

